

22. apríl 2025

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – eldsneytisafgreiðsla Nesjum

Umsókn um starfsleyfi vegna eldsneytisafgreiðslu N1 ehf. Nesjum, 781 Höfn í Hornafirði barst þann 18. febrúar 2025. Umsækjandi var N1 ehf., kt. 411003-3370.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 17. mars í 4 vikur. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 14. apríl 2025.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið 22. apríl 2025 með gildistíma í 18 mánuði.

Tvær breyting voru gerðar á starfsleyfi frá auglýstri tillögu. Í tillögu kom fram að starfsleyfið væri gefið út til eins árs og að krafa væri um að innan gildistíma starfsleyfisins verði búið að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 skv. kröfum í kafla 9 í starfsleyfisskilyrðum. Í útgefnu starfsleyfi kemur aðeins fram að starfsleyfið er gefið út til 18 mánaða. Í tillögu að starfsleyfi kom fram að um starfsemina gilda m.a. starfsleyfisskilyrði fyrir bensinstöðvar en í útgefnu leyfi kemur það ekki fram.

Virðingarfyllst,



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi